



Viðauki við þjónustusamning skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar við Myndlistaskólann í Reykjavík

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 500796-2359/530269-7609 og Myndlistaskólinn í Reykjavík, kt. 460269-4079 gerðu þann 10. júní 2021 með sér þjónustusamning vegna námskeiða í leikskólum og grunnskólum fyrir börn og starfsmenn. Aðilar framangreinds samnings hafa nú ákveðið að gera viðauka við samninginn.

1. gr. Forsendur viðauka

Þjónustusamningur aðila vegna námskeiða í leikskólum og grunnskólum fyrir börn og starfsmenn, dags. 10. júní 2021, auk reglna Reykjavíkurborgar um styrki eru órjúfanlegur hluti viðauka þessa.

2. gr. Framlenging og gildistími samnings

Reykjavíkurborg tekur ákvörðun um framlag til Myndlistarskólans í Reykjavík vegna námskeiða í leikskólum og grunnskólum fyrir börn og starfsmenn og er gildistími samnings aðila dags. 10. júní 2021 framlengdur frá 1. ágúst 2024 til og með 31. júlí 2025 og er framlag Reykjavíkurborgar til Myndlistaskólans í Reykjavík 30.180.000,- kr. á samningstímanum 1. ágúst 2024 til og með 31. júlí 2025.

Samningur þessi gildir fyrir tímabilið 1. ágúst 2024 til og með 31. júlí 2025. Gerður er fyrirvari um framlag sem greiðist á árinu 2025 er með fyrirvara um árlegan fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og getur lækkað verði fjárhagsrammi sviðsins skertur.

3. gr. Gildistími samnings

Viðauki þessi telst vera hluti framangreinds samnings frá 10. júní 2021 og gilda sömu ákvæði um uppsögn og endurskoðun samningsins. Að öðru leyti en greinir í viðauka þessum gilda ákvæði gildandi samnings dags 10. júní 2021. Að því leyti sem ákvæði þessa viðauka og gildandi samnings kunna að teljast ósamrýmaleg gilda ákvæði þessa viðauka.

Rísi ágreiningur um efni og/eða túlkun samningsaðila á viðaukanum skal reka ágreiningsmál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er undirritaður með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti og reglugerð (ESB) 910/2014 um sama efni. Með undirritun ábyrgjast viðkomandi einstaklingar jafnframt að þeir hafi umboð til að skuldbinda aðila, með þeim hætti sem samningurinn gerir ráð fyrir.

Reykjavík,

2024

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Myndlistarskóla Reykjavíkur

Fylgiskjöl:

1. Þjónustusamningur við Myndlistaskólann í Reykjavík um vegna námskeiða í leikskólum og grunnskólum fyrir börn og starfsmenn
2. Reglur Reykjavíkurborgar um styrki